

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 9. október 2012

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum nr. 95/2008 (viðtækara eftirlit). 140. löggjafarþing, þskj. 103 – 103. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur fengið framangreint frumvarp til umsagnar. Í frumvarpinu er meðal annars að finna ákvæði er breyta núverandi lögum að því er varðar skilyrði til innheimtuleyfis, eftirlit með starfsemi o.fl. Laganefnd telur ástæðu til að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

2. gr.

Laganefnd gerir ekki efnislegar athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins en vill þó benda á að ástæða sé til að skoða hvort gera beri ríkari kröfur til þeirra sem óska eftir veitingu innheimtuleyfis en gert nú í 4. gr. laganna, t.a.m. að aðili hafi aldrei (eða t.d. ekki síðustu 2 ár) þurft að þola að gert hafi verið hjá honum árangurslaust fjárnám. Eins og 1. mgr. 4. gr. laganna hljóðar gæti aðili, sem hefur þurft að þola árangurslaust fjárnám (jafnvel á síðustu 6 mánuðum, sem getur verið grundvöllur beiðni um gjaldþrotaskipti), fengið útgefið innheimtuleyfi. Að mati laganefndar kallar eðli starfseminnar á að frekari kröfur séu gerðar til aðila að þessu leyti. Að vísu er lagt til í 9. gr. frumvarpsins að innheimtuaðilar skulu á hverjum tíma geta staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar, en þetta gildir einungis eftir að þeir hafa fengið útgefið leyfið skv. 1. mgr. 4. gr. Skilyrði, líkt og það sem kemur fram í b-lið 1. mgr. 4. gr., þar sem er krafist þess að aðili hafi „óflekkað mannorð svo sem áskilið er til kjörgengis við kosningar til Alþingis...“, er að mati nefndarinnar óskýrt og ófyrirsjáanlegt, og muni valda vandræðum í framkvæmd. Hafa verður í huga í þessu sambandi að hér er um atvinnuréttindi manna að ræða sem kallar á að vafi sé túlkaður umsækjanda í hag. Mun einfaldara væri t.d. að gera þá einföldu kröfu að aðili framvísi hreinu sakarvottorði.

b-liður 7. gr.

Í þessum lið frumvarpsins er mælt fyrir um það að framvegis fari Neytendastofa með eftirlit með innheimtu fyrir eigin starfsemi eintaklinga og lögaðila og innheimtu opinberra aðila. Áður

var þetta í höndum Fjármálaeftirlitsins. Laganefnd telur ekki skýrt með fullnægjandi hætti í greinargerð hvers vegna þörf er talin á því að skipta eftirliti með innheimtu á milli Fjármálaeftirlits annars vegar og svo Neytendastofu. Í öllu falli telur nefndi nauðsynlegt að bætt verði við frumvarpið lagaskilaákvæði, þ.e.a.s. ákvæði sem mælir t.d. fyrir um að mál, sem séu nú til meðferðar hjá Fjármálaeftirliti, en eigi undir ákvæðið, skuli lokið fyrir Fjármálaeftirlitinu. Önnur mál, þ.e. mál sem hafi ekki þegar verið beint til Fjármálaeftirlitsins, skuli vera beint til Neytendastofu og, eftir atvikum, vera tekin til meðferðar þar.

9. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um nýtt ákvæði, 16. gr. a., þar sem segir í 1. mgr. að innheimtuaðilar, sem lúti eftirliti Fjármálaeftirlitsins eða Lögmannafélags Íslands, skuli á hverjum tíma geta „staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar“. Jafnframt segir þar að séu „líkur“ á því að innheimtuaðili geti ekki staðið við skuldbindingar sínar skuli hann gera eftirlitsaðila grein fyrir stöðu sinni og leggja fram fjárhagsáætlun. Eftirlitsaðili ákveði hvort þær ráðstafanir, sem birtar séu í áætluninni, séu fullnægjandi. Hér virðist vera litið fram hjá því að eftirlit Lögmannafélagsins með félagsmönnum byggir á lögum um lögmenn nr. 77/1998 en á grundvelli þeirra laga fylgist Lögmannafélagið t.d. með því að meðferð lögmanna á fjárvörslureikningum sé fullnægjandi með því að kalla árlega eftir staðfestingu endurskoðanda á að svo sé. Sé fjárvörslu lögmanna ábótavant kallar það á tiltekið ferli sem skilgreint er nánar í 13. gr. laganna. Verður því ekki í fljótu bragði séð að þörf sé á að kveða á um sérstakt eftirlit Lögmannafélagsins í ákvæðinu heldur mætti vísa til þess að um eftirlit með fjárvörslu og fjárhagsstöðu félaga í Lögmannafélaginu fari skv. ákvæðum lögmanna laga.

Þá telur Laganefnd að ákvæðið þarfnist frekari skýringa. Fyrir það fyrsta er ekki skilgreint í frumvarpstextanum eða athugasemdum með frumvarpinu hvað það merki að geta „staðið við skuldbindingar“ – er t.a.m. nóg að aðili sé í vanskilum eða þarf árangurslaust fjárnám til? Einnig er ekki skilgreint hvað þarf til að talið verði að „líkur“ séu fyrir því að innheimtuaðili geti ekki staðið við skuldbindingar sínar – er slæmur rekstur nóg eða þarf árangurslaus fjárnám til? Í 1. mgr. er eftirlitsaðilum jafnframt gefið vald til að ákveða hvort áætlun innheimtuaðila um „endurreisn fjárhags“ teljist fullnægjandi. Reyndar segir í 2. mgr. að áætlunin skuli m.a. geyma „sundurliðaða áætlunun um tekjur og gjöld og áætlaðan efnahagsreikning“, en engar vísbendingar eru gefnar um það hvað þurfi til svo eftirlitsaðili geti metið áætlun ófullnægjandi. Þá væri að sama skapi ástæða til að skýra betur hvað sé átt við með „vísbendingu“ um að aðili geti ekki staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar, sbr. sbr. 3. mgr. 9. gr. Hér mætti t.d. hafa til hliðsjónar framangreindar eftirlitsskyldur Lögmannafélagsins samkvæmt lögum um lögmenn, þ.e. að ef ársreikningar þeirra aðila sem lúta þá eftirliti Fjármálaeftirlitsins gefa það til kynna megi kalla eftir frekari gögnum um hvernig vörslureikningum er háttað og grípa til ráðstafanna ef þeim er ábótavant.

Einnig væri að mati laganefndar ástæða til að kveða á um í umræddu ákvæði að heimild til að leggja fram áætlun um endurreisn fjárhags verði eingöngu nýtt einu sinni, þannig að verði innheimtuaðili enn í sömu (eða verri) sporum eftir t.d. 6 mánuði, þá sé heimilt að afturkalla innheimtuleyfi hans.

Að þessu virtu leggst Laganefnd gegn samþykkt frumvarpsins í núverandi mynd.

Virðingarfyllst,

F. h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Dóra Sif Tynes, hdl.